

Ákvæði til bráðabirgða II.

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. málslíður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1982, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildsöluverði verksmiðjuframliddra íbúðarhúsa, barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslíð, og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.